

FRÆDSLUNEFNDARFUNDUR HALDINN 16.MARS 2015 Í KIRKJUHVOLI –  
FÉLAGSHEIMILI SKAFTÁRHREPPS

137. FUNDUR

MÆTT ERU: AUÐBJÖRG B. BJARNADÓTTIR (D) FORMAÐUR, ARNDÍS JÓHANNA  
HARÐARDÓTTIR (Z) VARAFORMAÐUR, SVERRIR GÍSLASON (Ó), RAGNHEIÐUR HLÍN  
SÍMONARDÓTTIR (Ó), EYRÚN ELVARSDÓTTIR (D) BOÐAR FORFÖLL – Í HENNAR STAÐ ER MÆTT  
RAKEL PÁLMAÐÓTTIR (D).

FUNDARGERÐ ER TÖLVUSKRÁÐ AF RAKEL PÁLMAÐÓTTUR OG ER 4 BLS. AÐ LENGD.

Formaður setur fund og býður fundarmenn velkomna.

Formaður óskar eftir breytingu á dagskrá.

Við dagskrá fræðslunefndar bætist : Tilkypping um breytingu á embætti varaformanns.

Dagskrárbreyting samþykkt og er gengið til dagskrár.

Fræðslunefnd

09:15-09:20

**Breyting á embættum innan nefndarinnar**

Formaður kynnr breytingu á embættum innan nefndarinnar.

Skv. beiðni fulltrúa Ó-lista til sveitastjórnar hafa fulltrúar Ó-lista beiðist undan völdum  
embættum innan sveitastjórnar og hefur sveitastjórn þegar samþykkt þessa beiðni (13. mars  
s.l) og tilnefnt Arndísi Jóhönnu Harðardóttur (z). Arndís er því tekin við sem varaformaður  
nefndarinnar og óskað til hamingju með embættið. Sverrir Gíslason (ó) fráfarandi  
varaformanni er þakkað fyrir unnin störf.

Fræðslunefnd – Heilsuleikskólinn Kærabæ

Kl 09:20 – 10:00

Mætt eru: Þórunn Júlíusdóttir leikskólastjóri og Sunneva Kristjánsdóttir fulltrúi foreldra  
leikskólabarna.

1. **Innra mat** – fyrirkomulag

Formaður leggur fram handbók sambandsins til kynningar og umræðu

Formaður leggur fram til kynningar handbækur á vegum Sambands íslenskra  
sveitarfélaga um Innra mat. Leikskólastjóri segir að á áætlun sé að meta aðbúnað,  
leikbúnað og starfsaðstöðu á Kærabæ. Einnig verður send út könnun þar sem  
samskipti við foreldra eru könnuð sérstaklega. Leikskólinn hefur ekki markað  
langtímaáætlun um hvað verður metið næst eða á komandi árum. Leikskólastjóri

AJH  
ABB  
SG  
RP

nefnir að á döfinni sé ytra mat á Kærabæ næsta haust, 2015. Formaður kallar eftir áætlun, 3-5 ár fram í tímann um matsþætti frá leikskóla. Leikskólastjóri ætlar að vera tilbúin með þessa áætlun fyrir næsta fund.

## 2. Staða sérkennara fyrir grunn- og leikskóla

Það er ósk leikskólastjóra og skólastjóra að auglýst verði staða sérkennara sem gæti nýst bæði leik- og grunnskóla.

## 3. Önnur mál.

- a. Leikskólastjóri greinir frá því að það sé á áætlun að Guðrún fari í námsferð næsta haust til Orlando, frá 17. -24. nóvember. Formaður veltir upp þeirri spurningu hvort fleira starfsfólki standi til boða að fara í samskonar námsferðir eða annarskonar endurmenntun. Þórunn segir frá áhugaverðri vísindaferð starfsfólks sem farin var, 23. febrúar síðastliðinn, að Laugarlandi þar sem leikskólinn þar var skoðaður. Einnig var komið við hjá Skólaþjónustunni og þar fékk starfsfólk kynningu á ART og TMT. Á heimleið komu þær við í leikskóladeild Víkurskóla. Þórunn greinir frá því að enn vanti afleysingarstarfsmann í apríl og maí í 100% stöðu. Búið er að auglýsa eftir starfsfólki á leikskólanum og í búðinni en ekki víðar.
- b. Formaður leggur fram til upplýsinga stöðuskýrslu frá Svövu Björk Helgadóttur leikskólaráðgjafa Skólaþjónustu- Rangárvalla og Vestur- Skaftafellssýslu. Bréf dagsett 14. Janúar 2015. Formaður greinir frá því að búið sé að taka saman niðurstöður úr skólapúlsi. Svörun könnunarinnar var 80% sem telst viðunandi. Niðurstöður könnunarinnar voru jákvæðari en þær virtust fyrst þegar starfsfólk leikskólans fór yfir þær. Þórunn segir að henni finnist mjög gott að fá leikskólaráðgjafa í heimsókn einu sinni í mánuði. Einnig má geta þess að leikskólinn er kominn með lokaða facebook síðu.
- c. Formaður leggur fram til kynningar svarbréf til skólaþjónustu Árborgar v/Sunnlenska skóladagsins. Formaður les bréf sem Edda Antonsdóttir sendir skólastjórnendum á Suðurlandi vegna sunnlenska skóladagsins. Þar greinir Edda frá því að Skólaþjónustu Rangárvalla og Vestur – Skaftafellssýslu var ekki boðin þátttaka í skipulagningu dagsins. Edda skrifar jafnframt að ef áhugi er fyrir þátttöku mun skólaþjónustan aðstoða skólana við undirbúning og þátttöku. Formaður leggur til að skólastjórnendur og formaður fræðlunefndar svari bréfinu sameiginlega og er falið það verkefni.

Fræðslunefnd – Kirkjubæjarskóli á Síðu

Kl 10:10- 11:00

Mætt eru: Kjartan Hjalti Kjartansson skólastjóri, Karítas Kristjánsdóttir fulltrúi kennara. Þórunn Edda Sveinsdóttir fulltrúi foreldra mætir ekki.

ASH  
RH  
ABS RP  
L.G.

ABS

## 1. Innra mat – fyrirkomulag

Skólastjóri greinir frá því hvernig skólinn hyggst framkvæma innra mat. Skipaður var sjálfsmatshópur og hann setur fram áætlun um innra mat. Skólinn tók þátt í skólapúlssi þar sem nemendur svöruðu könnun. Verið er að vinna úr könnun sem nemendur 1.-7. bekkjar svöruðu. Áætlunin er að sjálfsmatshópurinn gefi út skýrslu í lok maí. Formaður kallar eftir áætlun um innra mat frá skóla til 3-5 ára og að hún verði lögð fram fyrir fræðslunefnd. Skólastjóri segir að sú áætlun sé til og sé birt á heimasíðu skólans.

2. **Skóladagatal:** Skólastjóri Kjartan H. Kjartansson leggur fram til kynningar og umræðu fjórar tillögur af skóladagatali fyrir skólaárið 2015-2106. Einnig kynnir skólastjóri niðurstöður úr könnun vegna skólasdagatals, könnun sem fór fram á meðal starfsfólks og foreldra. 20 af 25 foreldrum svöruðu og niðurstaðan er sú að 75% merkti við 175 skóladaga og meirihluti þeirra við 175 daga án vetrarfrís. Tillögur skóladagatals eru í meðfylgjandi gögnum. Lítil svörun hefur verið á meðal starfsfólk skólans í könnun um skóladagatal eða um 50%. Skólastjóri kallar eftir því að fræðslunefnd ákveði ramma svo hann geti unnið áfram að gerð skóladagatals. Formaður spyr hvort að skólastjóri og leikskólastjóri hafi samræmt starfsdaga næsta skóladagatals. Skólastjóri ætlar að senda drög af skóladagatali til leikskólastjóra.

Skóladagatal 175 dagar án vetrarfrís borið upp til samþykktar. Samþykkt einhljóða.

## 3. Staða sérkennara fyrir grunn- og leikskóla

Skólastjórnendur hafa rætt hvort að mökuleiki sé á því að ráða sérkennara sem myndi vinna bæði í leik- og grunnskóla. Sérkennari gæti aðstoðað umsjónakennara við gerð einstaklingsnámskrá, sinnt innra mati með skólastjórnendum ásamt því að sinna allri sérkennslu. Skólastjóri telur að á þessu skólaári gæti sérkennari kennt 15 tíma og að leikskólastjóri hafi 6-7 tíma sem er ekki full staða en hann veltir upp hvort önnur sértæk verkefni gætu fyllt heila stöðu sérkennara. Formaður kallar eftir betur mótaðri tillögu um sérkennara. Allir fulltrúar taka vel undir þessar hugmyndir og fagna umræðu um þetta mál.

4. **Viðhald skólahúsnæðis** Frestað til næsta fundar.

## 5. Önnur mál

- a. Formaður leggur fram til kynningar svarbréf til skólaþjónustu Árborgar v/Sunnlenska skóladagsins. Formaður les jafnframt bréf sem Edda G. Antonsdóttir sendir skólastjórnendum á Suðurlandi vegna sunnlenska skóladagsins. Þar greinir Edda frá því að Skólaþjónustu Rangárvalla og Vestur – Skaftafellssýslu var ekki boðin þátttaka í skipulagningu dagsins. Edda skrifar jafnframt að ef áhugi er fyrir þátttöku mun skólaþjónustan aðstoða skólana við undirbúning og þátttöku í deginum. Formaður leggur til að skólastjórnendur og formaður fræðslunefndar svari bréfinu sameiginlega og er falið það verkefni.

ASH

RHS RP

S.G.

MSR

Formaður varpar fram hugmynd til skólastjóra um að fara á starfsdegi í vísindaferð með starfsfólk. Skólastjóri tekur vel í hugmyndina.

- b. Formaður beinir fyrirspurn til skólastjóra um hvort e-r viðbrögð hafi borist frá MMR vegna endurskoðaðrar umbótaráætlunar, sjá nánar bréf frá MMR dagsett 29/09 2014. Engar ábendingar hafa borist.

Næsti fundur fræðslunefndar er ákveðinn, 21. apríl 2015, fyrir hádegi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 11:15

Andri Þ Björnsson  
Arndís Haraldsdóttir

Ragnheiður Elín Simonardóttir

Guerrín Lóðvæn

Rekel Pálmaðóttir